ÖLDUSELSSKÓLI

Námsáætlun / bekkjarnámskrá 2026 – 2027

Íslenska, 4. bekkur

Kennari/ar

Kristín Steinunn Birgisdóttir, kristin.steinunn.birgisdottir@reykjavik.is

María Thorlacius, maria.thorlacius.yngvinsdottir@reykjavik.is

Sigríður Hrönn Þórarinsdóttir, sigridur.hronn.thorarinsdottir@reykjavik.is

Elma Finnlaug Þorsteinsdóttir, Elma.Finnlaug.Thorsteinsdottir@reykjavik.is .

Lýsing

Kennslutími: 390 mínútur á viku samkvæmt stundatöflu. Lögð er áhersla á lestur, lesskilning, ritun, tjáningu og málnotkun. Verkefni eru aðlöguð að stöðu nemenda. Áætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.

Markmið / inntak

Nemendur efla lesfimi, orðaforða og lesskilning. Þeir æfa læsilega skrift, skrifa fjölbreytta texta og vinna með stafsetningu, greinarmerki og orðflokka. Frásögn, hlustun, sögur og ljóð eru hluti námsins.

Námsefni

Unnið er með:

- Lesrún og Ritrún
- Skriftarbók
- Lestrar- og heimalestrarbækur við hæfi
- Sögur, ljóð og verkefni kennara
- Starri markviss orðaforðakennsla (innleiðing)

Kennsluaðferðir

Nemendur vinna einstaklingslega, í pörum og hópum. Unnið er með lestur, umræður, orðavinnu, skrift og ritun, meðal annars dagbókarskrif. Heimalestur er að minnsta kosti fimm sinnum í viku, um 15 mínútur í senn. Fimm orð á viku eru æfð heima.

Námsmat

Lesfimipróf eru í september, janúar og maí. Fylgst er með framförum í lesskilningi, ritun, skrift, stafsetningu og munnlegri tjáningu. Námsmat byggist á hæfniviðmiðum, styður við næstu skref í námi og birtist í Mentor.

Námslotur

Námið er samþætt en megináherslur eru:

Lestur og lesskilningur: lesfimi, orðaforði og skilningur á texta.

Ritun og skrift: dagbókarskrif, textagerð og vandaður frágangur.

Talað mál og hlustun: frásögn, samræður og virk hlustun.

Málnotkun og bókmenntir: orðflokkar, stafsetning, sögur og ljóð.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá **(listuð upp eins og þau eru í aðalnámskrá)**

Valin hæfniviðmið við lok 4. bekkjar. Nemandi getur:

- beitt skýrum og áheyrilegum framburði,
- sagt frá atburði eða fyrirbæri, tjáð sig frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu,
- hlustað og horft af athygli á valið efni og greint frá upplifun sinni,
- beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa svo lestur flæði vel og merking texta komist til skila,
- beitt góðum orðaforða við að skilja texta og notað einfaldar aðferðir til að ráða í merkingu ókunnra orða,
- skilið augljós efnisatriði valinna texta, greint og lagt mat á inntak þeirra og dregið einfaldar ályktanir,
- valið og lesið sér til ánægju fjölbreytt lesefni sem hæfir aldri.
- unnið með ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum,
- dregið rétt til stafs, skrifað skýrt og læsilega og á lyklaborð,
- skrifað ólíkar textategundir og skilur að hverjum texta er ætlað ákveðið hlutverk,
- beitt einföldum stafsetningarreglum og einföldum reglum við greinarmerkjasetningu.
- áttað sig á mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða,

Heimild: Aðalnámskrá grunnskóla, 19. kafli, adalnamskra.is.